

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020

## **Umsögn fornminjanefndar um tillögu til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta, þingskjal 349 – 308. mál**

Í tillöggunni er lagt til að stofnaður verði sérstakur sjóður, fjármagnaður á fjárlögum, sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Fornminjanefnd fagnar þessari tillögu og styður hana eindregið, enda yrði veruleg framför af stofnun sjóðsins. Eins og málum er nú háttað er fornminjasjóður eini opinberi sjóðurinn sem styður við þetta mikilvæga málefni, en auk þess hefur hann það hlutverk samkvæmt lögum að styrkja rannsóknir á fornminjum, skráningu þeirra og varðveislu, auk miðlunar upplýsinga um þær. Því fer fjarri að sjóðurinn hafi bolmagn til að sinna þessum margbreytilegu verkefnum eins og vera ber, sem sést best af því að fyrir síðustu úthlutun bárust sjóðnum 60 umsóknir, upp á 150 milljónir króna, en sjóðurinn hafði aðeins rúmlega 40 milljónir til úthlutunar. Af þeim 49 umsóknum sem töldust styrkhæfar fengu 16 styrk, og þar af var einungis ein til varðveislu báta. Því er ljóst að ef Íslendingar ætla að sinna þessum hluta menningararfs þjóðarinnar sómasamlega er nauðsynlegt að veita meira fé til varðveislu hans og skráningar.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Hálfðanarson  
formaður fornminjanefndar